



Forsætisnefnd

### ***Starfsánægjukönnun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins***

Á fundi borgarráðs 6. maí sl. tók Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri sæti og kynnti starfsemi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og nýlega könnun á starfsánægju starfsmanna. Könnunin sjálf var trúnaðarmerkt en send fulltrúum í borgarráði svo þeir gætu kynnt sér efni hennar. Með tölvupósti dags. 19. maí sl. óskaði borgarfulltrúi Miðflokksins eftir því að trúnaði yrði aflétt af könnuninni fyrir fund borgarstjórnar 1. júní nk. svo unnt væri að ræða efni hennar á vettvangi borgarstjórnar.

Undirrituð beindi erindi f.h. forsætisnefndar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins með fyrirspurn um heimild til afléttingu trúnaðar. Í svari slökkviliðsstjóra kemur fram að unnt sé að koma til móts við beiðni um að birta könnunina sjálfa að undanskildum „opnum spurningum“ sem lagðar voru fyrir starfsmenn en svör við þeim innihalda persónugreinanlegar upplýsingar.

Eintak af umræddri könnun mun berast skrifstofu borgarstjórnar á næstu dögum og verður hluti af fundargögnum borgarstjórnar ef óskað verður eftir því.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar